

DETTIFOSSVEGUR (862), BREYTING Á TENGINGUM AÐ HÓLMATUNGUM OG VESTURDAL/HLJÓÐAKLETTUM

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á Dettifossvegi (862) er varðar tengingar að Hólmaturungum og Vesturdal/Hljóðaklettum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Norðurþings. Skipulagsstofnun bendir Vegagerðinni og Norðurþingi á að fjalla þarf um áhrif breytinga á veglínunum í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2010.

INNGANGUR

Þann 22. febrúar 2010 tilkynnti Vegagerðin fyrirhugaða breytingu á Dettifossvegi (862) er varðar tengingar að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 19. mars 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. mars 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. mars 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfi dags. 26. apríl 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða tillögur Vegagerðarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs um nýjar vegtengingar annars vegar að útsýnisstöðum við Hólmatungur og hins vegar að Hljóðaklettum og Vesturdal. Vegtenging að Hólmatungum verði 2,6 km löng og muni fylgja núverandi vegi á 0,7 km löngum kafla. Vegtenging að Hljóðaklettum og Vesturdal verði 1,4 km löng og muni fylgja núverandi vegi fyrstu 0,4 km.

Fram kemur að vegirnir verði lagðir klæðningu en lítið upphækkaðir og með hámarkshraða 40-50 km/klst sem verði ákvarðaður í samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Bílastæði verið útfærð í samráði við þjóðgarðsyfirvöld svo og frágangur núverandi vegtengingar að Hólmatungum sem verði lögð af.

Engar nýjar námur þurfi að opna heldur verði nýttar námur sem kynntar voru við mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar og síðar þegar matsskylda á breytingum á veglínu og efnistöku var kynnt.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að Vegagerðin telji að fyrirhugaðar breytingar muni ekki hafa áhrif á niðurstöðu þess sem fram kom í matsskýrslu um Dettifossveg. Aðgengi að Hljóðaklettum að vetrarlagi muni batna og því verði jákvæð áhrif framkvæmdarinnar jafnvel meiri en fram hafi komið hvað varðar ferðaþjónustu.

Áhrif á landslag. Fram kemur að í samráði við þjóðgarðsyfirvöld hafi verið lögð áhersla á að draga úr sjónrænum áhrifum veganna og bílastæðanna og staðsetning valin þannig að bílastæðin sjáist ekki frá mikilvægum ferðamannastöðum í þjóðgarðinum.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum sé misþykkur jökulruðningur ofan á grágrýti og framkvæmdirnar muni ekki raska merkjum jarðmyndunum.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að vegtengingarnar liggi að hluta til utan þess svæðis er gróðurfarsrannsóknir vegna lagningar Dettifossvegar náðu til en gróðurlag Nátúrfræðistofnunar nái yfir allt svæðið. Gróðurfur á því svæði sem verði raskað virðist ekki frábrugðið gróðurfari sem raskast vegna annarra veg framkvæmda á

svæðinu, þ.e. mólendi og melar. Fyrirhugað sé að nýta núverandi gróðurhulu úr skeringum við frágang og uppgræðsla verði í samráði við þjóðgarðsyfirvöld og Landgræðslu ríkisins. Í fyrirbyggjandi rannsóknum komi fram að á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegur sé hvorki mjög fjölbreytilegt fuglalífi né ríkulegt á heildina lítið og að engin fuglategund á valista virðist verpa innan rannsóknarsvæðisins. Áhrif af uppbyggingu Dettifossvegur á fuglalíf eigi ekki að verða mikil, hvorki svæðisbundið né á landsvísu.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að við athugun Vegagerðarinnar og þjóðgarðsvarðar á svæðunum sem verði raskað hafi ekki komið í ljós neitt sem minni á fornleifar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við kynntar tillögur að Aðalskipulagi Norðurlands 2009-2029 sem sé í vinnslu.

Fram kemur að tilgangur breytinganna sem hér eru kynntar sé að reyna að bregðast við þeim mikla fjölda ferðamanna sem muni koma í Vatnajökulspjóðgarð þegar samgöngur batni. Mikilvægt sé að uppfylla þarfar þeirra sem aðeins vilji horfa yfir þjóðgarðinn og að gera hreyfihömluðum mögulegt að fá útsýni yfir Jökulsárgljúfur, Hljóðakletta, Vesturdal og Hólmatungur. Með bílastæði á Langavatnshöfða sé vonast til að hægt sé að draga úr aukningu bílaumferðar um Vesturdal. Breytingarnar muni auka möguleika á stuttu stoppi hópferða við Hólmatungur og við Hljóðakletta. Með framkvæmdunum skapist heilsárstenging að Hljóðaklettum og muni möguleikar í ferðaþjónustu á svæðinu, allan ársins hring, aukast.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Norðurland, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Skipulags- og byggingarnefnd f.h. sveitarstjórnar Norðurlands telur veglínurnar í samræmi við drög að aðalskipulagi Norðurlands sem sé í kynningu. Um sé að ræða tiltölulega litla breytingu á áður samþykktum veglínunum í umfjöllun um Dettifossveg og gefi ekki tilefni til að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Lögð er áhersla á að ný vegtengin á Langavatnshöfða megi ekki koma í veg fyrir lagningu slitlags á veginn niður í Vesturdal. Ennfremur sé æskilegt að halda opnum eldri vegi að núverandi bílastæði við Hólmatungur, enda þaðan talsvert styttri gangur í náttúruperluna sjálfa en frá fyrirhuguðu bílastæði.

Í svörum Vegagerðarinnar er tekið undir með skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands um að lagt verði bundið slitlag á veginn um Vesturdal. Vegagerðin telur ekki þörf á að hafa tvö bílastæði við Hólmatungur og vísar í því sambandi til álits svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs þar sem segir m.a.:

„Svæðisráð tekur undir með nefndinni að vegtenging að Langavatnshöfða megi ekki koma í veg fyrir lagningu slitlags í Vesturdal. Svæðisráð telur hinsvegar að ekki verði

unnt halda í bæði nýtt og gamalt bílastæði við Hólmatungur. Hugmyndin að nýju bílastæði gengur út á að bæta aðgengi hreyfihamlaðara, og annara sem ekki vilja ganga, með því að færa það nær brún ákaflega góðs útsýnisstaðar yfir Hólmatungur á Þórunnarfjalli og leggja þangað vandaðan 300 metra langan göngustíg færan hreyfihömluðum. Hinsvegar er ástæða til þess að gera ekki gönguna niður í Hólmatungur lengri en þörf krefur og mun því þjóðgarðurinn leggja göngustíg beint frá nýju bílastæði niður í Hólmatungur, verður þá lenging gönguleiðar aðeins 370 metrar í jöfnum bratta (30 hæðarmetrar). Áætluð Lenging á göngutíma er ætluð venjulegu eða hægfara fólki 5-10 mínútur. Slík lenging mun ekki breyta erfiðleikastigi gönguleiðarinnar né hindra þá sem á annað borð hafa getu til að ganga niður í Hólmatungur. Því sér Svæðisráð, burtséð frá vegtæknilegum ástæðum, ekki ástæðu til þess að halda í gamla bílastæðið í Hólmatungum, sem flækja myndi allt skipulag á svæðinu.“

Áhrif á gróður. Umhverfisstofnun bendir á að það sé að ósk Vatnajökulspjóðgarðs sem vikið sé nokkuð frá upphaflegum hugmyndum sem fólust í endurbyggingu núverandi vegtenginga. Hlífa eigi gróðurlendi á fyrirhuguðu vegstæði eins og kostur sé. Gróðurframvinda á sambærilegum svæðum sem raskað hafi verið vegna framkvæmda virðist vera ákaflega hæg og megi ætla að slík endurheimt geti tekið áratugi. Því telji stofnunin að minnka eigi skeringar eins og kostur sé þar sem vegurinn liggur um algróið land. Fremur ætti að byggja veginn úr efni sem sótt verði í námur fremur en úr skeringum. Leggja ætti áherslu á að nýta torfur úr vegstæði til frágangs á vegsvæði og aflögðum köflum núverandi vegar. Að teknu tilliti til þessa telji stofnunin ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að til þess að draga úr raski á gróðursvæðum verði skeringar meðfram vegtengingum að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum minnkaðar frá því sem kynnt var í kynningarskýrslu um breytingarnar. Svarðlag og torfur úr skeringum verði nýttar við frágang.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að í tilkynningunni komi fram að framkvæmdasvæðin liggja að hluta til utan þess svæðis sem skoðað var með tilliti til fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Dettifossvegar. Minjavörður Norðurlands, sem er starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins, muni fara yfir svæði sem sé ókannað. Komi fornleifar í ljós, sem kann að stafa hætta af fyrirhugaðri framkvæmd, þarf að taka tillit til þeirra og hlíta þeim ákvörðunum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins tekur. Að því gefnu að gengið verði að framangreindum skilmálum telur Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að komi fornleifar í ljós, sem kunni að stafa hætta af fyrirhugaðri framkvæmd, verði tekið tillit til þeirra og hlítt þeim ákvörðunum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins tekur.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða annars vegar nýja vegtengingu að Hólmatungum, 2,6 km að lengd er fylgja muni núverandi vegi á 0,7 km löngum kafla og hins vegar nýja vegtenging að Hljóðaklettum og Vesturdal, er verði 1,4 km löng og muni fylgja núverandi vegi fyrstu 0,4 km. Vegirnir verði lagðir klæðningu en lítið upphækkaðir og með

hámarkshraða 40-50 km/klst sem verði ákvarðaður í samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Bílastæði verði útfært í samráði við þjóðgarðsyfirvöld svo og frágangur núverandi vegtengingar að Hólmatungum, sem verði lögð af.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg en tekur undir áherslur Umhverfisstofnunar um að við verktilhögun verði lágörkuð áhrif á jarðveg og gróður.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga muni framkvæmdin ekki hafa áhrif á fornleifar. Komi í ljós á framkvæmdatíma að hætta sé á áhrifum á fornleifar þarf að taka tillit til þeirra og hlíta þeim ákvörðunum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins kann að taka.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á Dettifossvegi (862) er varðar tengingar að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Norðurþings. Skipulagsstofnun bendir Vegagerðinni og Norðurþingi á að fjalla þarf um áhrif breytinga á veglínunum í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson